

## Stjórnarfundur ÍTF 12. Janúar 2024

Mættir fulltrúar: Orri, Guðbjörg, Baldur, Heimir, Jónas, Baldur Már og Samúel á Teams.

Fornubúðir 5, 220 Hafnarfjörður

Fundur settur kl 11:30

### Fyrir var tekið:

#### 1. Aðalfundur ÍTF

- Umræður um komandi aðalfund ÍTF, ekki hefur verið ákveðinn staðsetning en fundurinn verður haldinn þann 14. febrúar 2024. Þrír stjórnarmenn, Baldur Már Bragason, Jónas Kristinsson og Samúel Samúelsson ljúka sínu kjörtímabili og er því kosið um 3 stjórnarsæti. Bókhaldið verður klárt í lok janúar og verður næsti stjórnarfundur haldinn 9. febrúar þar sem farið verður yfir bókhaldið og fjárhagsáætlun ÍTF vegna 2024. Ákveðið að bjóða ekki erlendum gesti eins og undanfarin ár.
- Skrifstofa ÍTF hefur unnið að samningi á milli aðildarfélaga og ÍTF líkt og þekktist hjá öðrum deildarsamtökum. Samningurinn er mikilvægur og í raun nauðsynlegur til að sýna fram á að ÍTF fari með samningsumboð aðildarfélaga í sjónvarps og markaðsmálum þrátt fyrir að þess sé getið í lögum KSÍ. Haldnir hafa verið nokkrir fundir með aðildarfélögum þar sem þessi samningsdrög hafa verið kynnt og umræður um þá teknar. Stefnt er að því að klára þá vinnu fyrir aðalfund þar sem samningarnir verða lagðir fram.
- Einnig hefur skrifstofa ÍTF og stjórn unnið að stefnumótun ÍTF 2024 – 2026 eða út núverandi sjónvarps og markaðssamninga. Drög að stefnumótun verður kynnt aðildarfélögum á næstu vikum og lögð fram á aðalfundi samtakanna í febrúar.

#### 2. Ársþing KSÍ

- Ársþing KSÍ verður haldið laugardaginn 24. febrúar næstkomandi hjá Fram í Úlfarsárdal. Á föstudeginum 23. febrúar verður málþing en dagskrá liggur ekki fyrir. Ljóst er að breytingar verða í stjórn KSÍ en Vanda Sigurðudóttir hefur tilkynnt að hún mun ekki sækjast eftir endurkjöri til formanns KSÍ. Í dag hafa tveir boðið sig fram en það eru Guðni Bergsson og Þorvaldur Örlygsson. Einnig verður kosið um 4 stjórnarsæti en 2 hafa tilkynnt nú þegar að þau munu ekki sækjast eftir endurkjöri. Það verður svo hlutverk nýrrar stjórnar og formanns að ráða nýjan framkvæmdastjóra en Klara hefur tilkynnt stjórn að hún hefur ákveðið að hætta eftir farsæl 30 ár.
- ÍTF vinnur að tillögum fyrir ársþingið í nánú samstarfi við aðildarfélögin. Haldnir hafa verið nokkrir fundir þar sem félögin hafa skilað inn hugmyndum eða tillögum.



ÍTF

Íslenskur Toppfótbolti

Fornubúðir 5

220 Hafnarfjörður

[toppfotbolti@toppfotbolti.is](mailto:toppfotbolti@toppfotbolti.is)

Næsti fundur með aðildarfélögum vegna þessa verður haldinn 22. janúar en frestur til að skila inn tillögum fyrir ársþingið er 24. janúar.

3. Önnur mál

- a. Umræður um Media Hub ÍTF og KSÍ. Unnið hefur verið í að endurskipuleggja reksturinn og lækka kostnað. Sú vinna hefur skilað árangri og hefur skrifstofa ÍTF lækkað samning sinn við Newsbridge töluvert án þess að minnka þjónustuna við aðildarfélögin eða KSÍ. Áfram verður unnið í því að uppfæra samning ÍTF og KSÍ við OZ sem sér um að manna og rekstur miðstöðvarinnar.
- b. ÍTF óskaði eftir tilboðum frá öllum helstu söluaðilum á boltum hér á landi sem og erlendis. Eftir að hafa tekið við tilboðum var það ljóst að tilboð frá Altis sem selur Select bolta væri besta tilboðið.  
Stjórn ÍTF samþykkir því að ganga til samninga við Altis og felur framkvæmdastjóra að ganga frá samningi á grundvelli þess tilboðs sem liggur fyrir. Félögunum mun standa til boða að kaupa bolta í öðrum stærðum fyrir yngri flokka á sérkjörum. Aðildarfélögum verður sendur sér póstur með verðum og nánari upplýsingum.
- c. Orri formaður ÍTF upplýsti stjórn að nýleg reglugerð um umboðsmenn hafi verið felld að hluta til úr gildi tímabundið eftir að umboðsmenn unnu mál gegn FIFA. „Í framhaldi af ráðleggingum sem fram koma í dreifibréfi FIFA dag. 30. Desember sl (FIFA Cicular no 1873) samþykkti stjórn KSÍ að fella úr gildi tímabundið tilteknar greinar/ákvæði í reglugerð KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu“. KSÍ mun senda út dreifibréf með þessum greinum/ákvæðum.
- d. Skrifstofa ÍTF hefur verið að kalla eftir upplýsingum frá félögum í Lengjudeild karla og kvenna varðandi netmál. Mikilvægt að félögin séu tilbúin með ljósleiðara við sína keppnisvelli en nýlega var samþykkt í reglugerð KSÍ að allir vellir í Lengjudeild þyrftu að vera með ljósleiðaratengingu. Markmiðið er að koma upp upptökubúnaði við alla velli svo hægt sé að taka upp alla leiki í báðum deildunum.
- e. Skrifstofa ÍTF hefur verið að funda með aðildarfélögum vegna miðasölu í Bestu deild kk og kvenna. Unnið er að því að innleiða ný vinnubrögð við sölu á aðgöngumiðum. Útfærslan er unnin í náinni samvinnu við félögin og verður kynnt innan tíðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 13:10.